

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2026

Mál nr. E-1209/2025:

**A**

(Flóki Ásgeirsson lögmaður)

**gegn**

**B**

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars 2026, var höfðað 20. febrúar 2025 af A, upphaflega á hendur stefnda íslenska ríkinu, og á varnarþingi þess, og sama dag jafnframt á hendur B, á hendur báðum stefndu til greiðslu miskabóta. Við fyrirtöku málsins 22. maí 2025 féll stefnandi frá öllum kröfum sínum á hendur stefnda íslenska ríkinu og féll þessi stefndi sama dag frá kröfu sinni um málskostnað úr hendi stefnanda.

Stefnandi krefst þess endanlega að stefndi B greiði stefnanda 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þingfestingardegi, 27. febrúar 2025, til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi B krafðist þess í greinargerð aðallega að málinu yrði vísað frá dómi, en hann krafðist þess til vara að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá var krafist málskostnaðar að mati dómsins. Kröfu stefnda um frávísun var hafnað með úrskurði dómsins 12. júní 2025. Eftir standa endanlega sýknukrafa stefnda og krafa hans um málskostnað úr hendi stefnanda.

## Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Mál þetta á rætur að rekja til þess að kennari við grunnskóla [...] sló stefnanda utan undir [...] 2021 þegar hún var [...] nemandi [í skólanum]. Móðir stefnanda kærði atvikið til lögreglustjóra [...], en því máli lauk með ákvörðun lögreglustjóra 21. desember 2021 um að falla frá saksókn í málinu. Þar kom fram að háttsemin hefði falið í sér brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og að sakborningur hefði játað það sakarefni. Í ákvörðun lögreglustjórans var vísað til þess að kennaranum hefði verið sagt upp störfum og því krefjast almannahagsmunir þess ekki að mál verði höfðað.

Stefndi kveðst frá öndverðu hafa tekið það afar föstum tókum að kennari í starfi hjá honum hafi beitt nemanda [...] ofbeldi. Sama dag og atvikið varð hafi kennarinn

verið sendur í leyfi og skömmu síðar verið sagt upp störfum. Í dómsmáli sem kennarinn höfðaði á hendur stefnda vegna uppsagnarinnar tók stefndi til varna. Stefndi kveður það óumdeilt að kennarinn hafi slegið barn [...] í andlitið á skólatíma, en deilt hefði verið um það í málinu hvort háttsemin hefði réttlætt fyrirvaralausa uppsögn. Málinu sem kennarinn höfðaði af þessu tilefni gegn stefnda lauk með dómi Hæstaréttar 10. apríl 2024 í máli nr. 42/2023. Með dóminum var stefnda gert að greiða kennaranum bætur fyrir uppsögnina vegna fjártjóns og miska.

Stefnandi vísar til þess að ráðist hafi verið á hana af kennara við skólann, sem hafi í kjölfarið verið sagt upp störfum hjá stefnda. Niðurstaðan í dómi Hæstaréttar hafi byggst á því að þótt háttsemi kennarans gagnvart stefnanda hefði að mati Hæstaréttar verið óréttlætanleg, óhæfileg og ósamrýmanleg starfi hennar sem grunnskólakennari, og þar með fullt tilefni til þess að kennaranum yrði veitt skrifleg áminning vegna hennar, hafi háttsemin ekki í ljósi allra atvika falið í sér gróft brot í starfi þannig að skilyrði hafi verið uppfyllt til að víkja kennaranum úr starfi fyrirvaralaust.

Sem fyrr segir var mál þetta einnig höfðað á hendur íslenska ríkinu og krafist miskabóta, einkum vegna niðurfellingar sakamálsins gegn kennaranum, en stefnandi hefur fallið frá þeirri bótakröfu og tengdum málsástæðum. Ágreiningur þeirra aðila sem eftir standa í þessu máli snýst um það hvort stefnda beri, sem vinnuveitanda kennarans, að greiða stefnanda miskabætur vegna kinnhestsins sem kennarinn veitti henni.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi beinir bótakröfu að stefnda B vegna miska sem hún hafi orðið fyrir við árásina [...] 2021. Án tillits til saksóknar eða skilyrða refsíabyrgðar að öðru leyti hafi árásin falið í sér ólögmæta meingerð í garð stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Árásin hafi verið meiðandi og niðurlægjandi fyrir stefnanda og ósamrýmanleg réttindum hennar sem barns og nemanda í grunnskóla samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003, 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eins og túlka beri þessi ákvæði m.a. með hliðsjón af 68., 71. og 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, 3. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 19. og 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Árásin hafi jafnframt hlutlægt séð verið brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Ótvírætt sé því að um ólögmæta meingerð gegn friði, æru og persónu stefnanda hafi verið að ræða, sem bóta-skyld sé eftir ákvæðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að uppfylltum öðrum skilyrðum þeirra laga.

Árásin hafi með öllu verið ósamrýmanleg réttarstöðu stefnanda sem barns og grunnskólanemanda og stöðu árársarmannsins sem grunnskólakennara. Af sömu ástæðum

hafi sú háttsemi sem árásin fól í sér vikið verulega frá því sem ætlast mátti til af kennara. Sagnæmiskröfum b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé því einnig fullnægt. Þótt fyrir liggi mat lögreglustjóra [...] um að háttsemin hafi verið refsiverð hafi Hæstiréttur ekki talið háttsemina nægilega gróft brot í starfi til að réttlæta fyrirvaralaus brottvikningu.

Þótt Hæstiréttur hafi ekki talið felast í árásinni nægilega gróft brot í starfi hlutaðeigandi kennara til að réttlæta fyrirvaralaus uppsögn hafi rétturinn tekið fram í dómi sínum, í máli nr. 42/2023, að aldrei sé réttlætanlegt að grunnskólakennari veiti nemanda kinnhest og að háttsemin hafi verið óhæfileg og ósamrýmanleg starfi grunnskólakennara. Því sé ótvírætt að háttsemin hafi vikið verulega frá því sem ætlast mátti til og að um verulegt gáleysi hafi verið að ræða.

Stefndi B beri sem vinnuveitandi kennarans ábyrgð á tjóni sem valdið sé við framkvæmd starfsins á grundvelli reglna um vinnuveitandaábyrgð.

Ágreiningslaust sé að háttsemin hafi átt sér stað í starfi og á vinnutíma og hafi jafnframt beinst að nemanda. Háttsemin hafi því haft nán tengsl við starfið. Af þessum sökum verði að leggja til grundvallar að stefndi B beri sem vinnuveitandi ábyrgð á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar á hinn ólögsmætu meingerð í garð stefnanda sem fólst samkvæmt framansögðu í háttsemi starfsmanns stefnda umrætt sinn. Því sé málið höfðað gegn B sem vinnuveitanda starfsmannsins sem framið hafi umrædda árás.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi hafnar því og mótmælir því að hann beri nokkra ábyrgð á meintu tjóni stefnanda vegna hinnar ólögsmætu árásar, sem hún hafi orðið fyrir af hendi starfsmanns stefnda [...] 2021. Stefndi hafi litið atvikið alvarlegum augum og hafi sagt viðkomandi starfsmanni upp störfum fyrirvaralaust, enda litið svo á að um alvarlegt brot í starfi væri að ræða.

Stefndi geti ekki borið ábyrgð á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar, enda sé ljóst að athafnir og háttsemi viðkomandi starfsmanns hafi farið langt út fyrir hlutverk og starfslýsingu hennar sem kennara við grunnskóla. Sú háttsemi kennarans að slá barn við skólann í andlitið sé svo fjarri starfsskyldum hennar að ekki sé unnt að fella skaðabótaábyrgð á stefnda. Með sömu rökum hafi almennt í dómaframkvæmd verið litið svo á að fremji starfsmaður líkamsárás falli það ekki undir vinnuveitandaábyrgð.

Skilyrðum þess að felld verði á stefnda bótaábyrgð á þeim grundvelli sé ekki fullnægt. Árás kennarans hafi ekki verið hluti af starfsskyldum hennar og ekkert geti réttlætt þá atlögu gagnvart nemanda [...] sem leiddi til þess að kennaranum hafi verið sagt upp störfum. Eigi að fella bótaábyrgð á stefnda á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar þurfi að liggja fyrir að um hafi verið að ræða hluta af starfi kennarans eða í það minnsta hægt að sýna fram á að háttsemin hafi staðið í tengslum við störf hennar sem grunnskólakennara. Því fari fjarri að svo sé og því sé mótmælt að þar eð atvikið hafi gerst

í starfi og á vinnutíma og beinst gegn nemenda við skólann hafi háttsemin haft nán tengsl við starf viðkomandi kennara.

Með sömu rökum mætti segja að hvaða önnur hegningarlagabrot kennara sem væru féllu undir vinnuveitandaábyrgð, svo lengi sem þau væru framin í starfi og á vinnutíma og beindust gegn börnum við þann skóla sem viðkomandi kennari starfi við. Þetta gangi ekki upp og sé beinlínis í andstöðu við sjónarmið um hina ólögfestu reglu um vinnuveitandaábyrgð og tilgang með henni.

Viðkomandi kennari hafi brotið gegn barninu með því að slá það í andlitið á skólatíma, en sú háttsemi hafi á engan hátt staðið í samhengi við starfsskyldur kennarans, starfslýsingu eða fyrirmæli stefnda. Þvert á móti hafi stefndi metið það svo að um væri að ræða alvarlegt brot í starfi, auk þess sem atvikið hefði verið kært til lögreglunnar, sem rannsakað hafi málið. Það hafi svo verið fellt niður og því ekki gefin út ákæra.

Erfitt sé að átta sig á því hvers vegna stefnandi kjósi að stefna ekki þeim kennara sem sannanlega hafi gerst sek um árás gagnvart henni á skólatíma [...] 2021. Að mati stefnda hefði það verið eðlilegrí leið í öllu tilliti, í stað þess að tefla fram óljósum og órökstuddum kröfum, byggðum á ólögfestum reglum um vinnuveitandaábyrgð og beina þeim að stefnda.

Krafa stefnanda sé úr öllu hófi og ekki í nokkru samræmi við dómaframkvæmd, ekkert sé fjallað um grundvöll hennar að öðru leyti og látið við það sitja að gera kröfu um tiltekna fjárhæð án nokkurs rökstuðnings. Engin gögn til stuðnings kröfunni hafi verið lögð fram með stefnu og sé krafan vart dómtæk í þeim búningi.

Stefnandi hafi ekki teflt fram öðrum málsástæðum sem gætu leitt til bótaskyldu stefnda, enda sé þeim í sjálfu sér ekki til að dreifa. Því sé ljóst að sýkna verði stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Stefndi vísi til almennra sjónarmiða hinnar ólögfestu reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð og reglna um sönnunarbyrði í skaðabótamálum. Um málskostnað vísist til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

## **Niðurstaða**

Í máli þessu snýst ágreiningur aðila helst um það hvort þau atvik sem leiddu til uppsagnar kennara úr starfi hjá stefnda hafi orðið í slíkum tengslum við starf kennarans að stefndi beri sem vinnuveitandi bótaábyrgð gagnvart þeim nemanda sem sá kennari veitti kinnhest. Af hálfu stefnda er á því byggt að með háttsemi sinni hafi kennarinn farið svo langt út fyrir starfsskyldur sínar að bótaábyrgð verði ekki lögð á stefnda vegna hennar.

Um það hvenær vinnuveitandi verði bótaskyldur vegna skaðaverka starfsmanna sinna má af dómaframkvæmd ráða að háttsemi starfsmanns sem tjóni veldur þurfi að vera í einhverjum tengslum við starfið eða framkvæmd þess. Álitamálin þar sem á þetta hefur reynt hafa þá í reynd lotið að mati á því hversu fjarlæg starfinu háttsemi geti orðið án

Þess að komið sé út fyrir mörk vinnuveitandaábyrgðar. Um þetta má m.a. hafa hliðsjón af dómum Hæstaréttar, t.d. í málum réttarins nr. 696/2013, nr. 46/2014 og nr. 396/2015, og af dómi Landsréttar í máli nr. 368/2023. Við mat á því hvar mörkin liggja sýnast dómstólar álykta út frá öllum atvikum og ástæðum og reisa niðurstöðu sína á heildarmati á öllum þáttum sem máli eru taldir skipta.

Hér stendur svo á að um þau atvik sem hér verða lögð til grundvallar slíku mati hefur þegar verið fjallað í öðru dómsmáli milli stefnda og kennarans. Eru þau málsatvik óumdeild, eins og þeim er lýst í dómi Landsréttar í máli nr. 127/2022 og dómi Hæstaréttar í máli nr. 42/2023 og teljast þau sönnuð, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Í dómi Hæstaréttar er atvikum lýst svo að [...] 2021 hafi kennarinn verið að kenna [...] íþróttir á íþróttavelli við skólann og léku nemendur þar fótbolta. Samnemandi þeirra [...], sem átti að vera í kennslustund hjá öðrum kennara, settist á grasflöt við völlinn. Bað kennarinn hana um að fara en nemandinn sinnti ekki þeim fyrir mælum. Enduðu samskipti þeirra með því að stúlkan gaf kennaranum kinnhest og kennarinn brást við með því að gefa nemandanum kinnhest. Í dóminum, og jafnframt í dómi Landsréttar, kemur fram að stefnandi hefði verið beðin um að fara vegna þess að hún hefði verið að trufla kennslustundina að mati kennarans sem veitti nemandanum kinnhestinn.

Það var niðurstaða Landsréttar að sýkna stefnda af bótakröfu kennarans þar sem stefnda hefði verið heimilt að víkja kennaranum fyrirvaralaust úr starfi með stoð í 7. mgr. greinar 14.8 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara. Í því ákvæði segir að víkja skuli starfsmanni úr starfi fyrirvaralaust, m.a. ef hann verður uppvís að grófu broti í starfi.

Í dómi Hæstaréttar kemur m.a. fram að stefnda hafi verið skylt að skoða háttsemi kennarans heildstætt á grundvelli allra atvika og jafnframt að stefnda hefði borið að meta háttsemina í því ljósi að ekki verði til þess ætlast að starfsfólk bregðist ávallt við óvæntum og bráðum aðstæðum á óaðfinnanlegan hátt. Með dómi Hæstaréttar voru kennaranum dæmdar bætur fyrir fjártjón og miska þar sem ekki var fallist á að háttsemi kennarans hefði falið í sér gróft brot í starfi þannig að uppfyllt væru skilyrði 7. mgr. greinar 14.8 í fyrrnefndum kjarasamningi til að víkja kennaranum fyrirvaralaust úr starfi án áminningar.

Í grein 14.7 í sama kjarasamningi er gerð grein fyrir þeim ávirðingum í starfi sem leitt geti til þess að starfsmaður fái skriflega áminningu. Um atvik þessa máls segir svo í málsgrein 36 í dómi Hæstaréttar í máli nr. 42/2023:

„Áfrýjandi hefur sem fyrr segir viðurkennt að hafa brugðist rangt við aðstæðum og þótt hún eigi sér nokkrar málsbætur verður engu að síður talið að framkoma hennar gagnvart nemanda skólans hafi verið óhæfileg og ósamrýmanleg starfi hennar sem grunnskólakennari. Að þessu virtu var fullt tilefni til að veita henni skriflega áminningu á grundvelli málsgreinar 1 í grein 14.7 í kjarasamningi.“

Af þessu er ómögulegt að draga aðra ályktun en þá að Hæstiréttur Íslands hafi þegar lagt það mat á þau atvik sem mál þetta snýst um að í þeim hafi falist brot kennarans í starfi, sem varðað geti áminningu vinnuveitanda samkvæmt kjarasamningi. Fyrir liggur að atvikin urðu á skólasvæðinu á skólatíma þar sem kennarinn var að störfum við kennslu og háttsemin beindist að nemanda í tilefni af óhlýðni við fyrirmæli um hvað nemandinn skyldi gera í yfirstandandi kennslustund. Við þessar aðstæður fóru afskipti kennarans af nemandanum og samskipti þeirra fram við framkvæmd starfsins og beinlínis í krafti þess.

Að framangreindu virtu verður að telja að ámælisverð og saknæm háttsemi kennarans, sem jafnframt fól í sér brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hafi verið í svo nánnum tengslum við starfið og framkvæmd þess að vinnuveitandi kennarans geti borið á henni bótaábyrgð á grundvelli hinnar ólögfestu reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð.

Sá sem krefst miskabóta þarf að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af ólögmætri og saknæmri háttsemi og sýna fram á orsakatengsl og að tjónið sé sennileg afleiðing háttseminnar. Í gögnum málsins kemur fram að kennarinn þekkti til nemandans og var jafnframt kunnugt um tiltekna erfiðleika sem stefnandi hafði átt við að glíma [...]. Af orðaskiptum í aðdraganda atviksins gat kennaranum ekki dulist að nemandinn var ekki í jafnvægi og hefði ekki átt að bregða svo við kinnhestinn frá nemandanum að svarað yrði í sömu mynt, eins og kennarinn hefur líka viðurkennt. Slík framkoma kennara við nemanda er almennt til þess fallin að valda tjóni og í ljósi viðkvæmrar heilsu nemandans að þessu leyti, sem kennaranum var kunnugt um, verður það talin fyrirsjáanleg afleiðing að sálrænt tjón hlytist af.

Við meðferð málsins hefur af hálfu stefnanda verið lagt fram vottorð sálfræðings sem var hluti af meðferðarteymi stúlkunnar [...] á árunum eftir atvikið. Af því sem þar kemur fram þykir sýnt að umrætt atvik hafi haft áhrif á líðan stefnanda og átt þátt í versnandi heilsufari hennar í kjölfar þess. Að þessu virtu verður talið að stefnandi hafi sýnt fram á að hafa við þetta atvik orðið fyrir miskatjóni sem rakið verði til atviksins og hafi jafnframt verið sennileg afleiðing af því.

Samkvæmt framangreindu er fallist á það með stefnanda að í háttsemi kennarans hafi falist ólögmæt meingerð í garð stefnanda sem bótaskyld sé samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er það sem fyrr segir álit dómsins að stefndi beri sem vinnuveitandi kennarans, eins og hér stendur á, bótaábyrgð á þeirri bótaskyldu háttsemi starfsmanns síns gagnvart stefnanda.

Skilyrði eru að öllu framangreindu virtu að mati dómsins uppfyllt til að fallist verði á kröfu stefnanda um að stefnda verði gert að greiða henni miskabætur vegna háttsemi kennarans. Í ljósi atvika allra þykja miskabætur hæfilega ákveðnar með 450.000 krónum, ásamt dráttarvöxtum frá þingfestingardegi þessa máls svo sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefnda jafnframt að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur er ákveðinn 550.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 450.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 27. febrúar 2025 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 550.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir